

Zontaklúbbur Akureyrar

Afhending 2020/25

Zontaklúbbur Akureyrar var stofnaður í desember árið 1948 en 2.júlí 1949 fékk klúbburinn stofnskrá og starfar klúbburinn enn. Aðal hvatakona að stofnun klúbbsins og fyrsti formaður hans var Ragnheiður O. Björnsson, verslunareigandi á Akureyri.

Klúbburinn er hluti að alþjóðasamtökum Zonta sem í eru yfir 1200 klúbbar í öllum heimsálfum með 35 þúsund konur úr öllum stéttum. Markmið samtakanna er:

Að vinna að kynningu, skilning og vináttu milli fólks í ólíkum starfsgreinum.

Að efla siðgæði í viðskiptum og atvinnulífinu.

Að styrkja stöðu kvenna með tilliti til menntunar þeirra, lagalegrar, stjórnmalalegrar og efnahagslegrar stöðu þeirra.

Markmið félagsins á Akureyri er að bæta hag kvenna á Akureyri, á Íslandi og um víða veröld og kynnast, fræðast og skemmta sér saman. Í klúbbum kynnast konur sem annars myndu ekki þekkjast og kynnast málefnum sem snerta konur og ákveða hverju þurfi að breyta til batnaðar og hvernig hægt er að breyta því.

Eftir að félagið var stofnað var strax hafist handa við að finna heimaverkefni, en það er styrktarverkefni sem hver klúbbur hefur í sinni heimabyggð eða héraði. Fengu Zontasystur þá hugmynd að heiðra minningu jesúítaprestsins og rithöfundarins pators Jóns Sveinssonar (Nonna). Höfðu Zontakonur hug á því að koma upp safni í húsi því sem hann hafði búið í ungar í innbæ Akureyrar. Fengu þær húsið gefins frá eigendum þess þegar þær fóru á fund þeirra og óskuðu eftir að kaupa húsið. Húsið var illa farið og mikið verk var að koma því í það ástand að hægt væri að reka þar safn. Í fjáröflunarskyni efndu Zontasystur til skemmtana í bænum, voru með flóamarkaði, kökubasar og kartöflurækt svo eitthvað sé nefnt. Safnið var síðan opnað 16.nóvember 1967 á 100 ára afmæli Nonna. Hefur Zontaklúbburinn rekið safnið alla tíð síðan með hjálp styrkja úr ríkissjóði og frá Akureyrarbæ.

Árið 1965 keyptu Zontakonur Aðalstræti 54 og hafa þar félagsaðstöðu sína.

Auk þess að reka Nonnahús hefur Zontaklúbburinn verið með ýmis styrktarverkefni í heimabyggð og m.a. styrkt Fjórðungssjúkrahúsið, málefni þroskrakertra, Félagsmiðstöð aldraðra og styrkt konur til náms.

Í dag eru fundir eru haldnir þriðja miðvikudag hvers mánaðar og fara fundirnir fram í húsnæði klúbbsins að Aðalstræti 54.

Áður hafa borist frá sama skjalamyndara afhendingar 2007/17 og 2007/58. 2008/12 og 2010/24

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

25.júní 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Zontaklúbbur Akureyrar			2020 / 25
A-Zontaklúbbur Akureyrar			1948 - 1998
2020 - A / 1	1	1979- 1996 Starfsáætlanir; reikningar og kvittanir; lög og reglur; ársskýrslur; ávörp og ræður á fundum; samskipti við erlenda Zontaklúbba.	Kemur úr einni möppu, er haldið saman vegna upprunareglunar
2020 - A / 1	2	1948- 1998 Ársskýrslur; félagatöl; fundargerðir (frumrit og ljósrit); Nonnasafn: ársskýrslur og dagskrá yfir setur yfir Nonnasafni; listar yfir stjórn og nefndir; greiðslukvittanir fyrir borgun ársgjalda í klúbbinn; reikninga fyrir viðburðum og ferðum; skjöl frá Zontaklúbbinum á Selfossi; dagskrá og bréf varðandi heimsfund Zontaklúbba í Reykjavík; samskipti við erlenda Zontaklúbba.	
2020 - A / 1	3	1969- 1970 Kort til Zontaklúbbsins og zontasystra; Zonta bréfsefni og umslög merkt Zontaklúbbi Akureyrar; Myndir af félögum í Zontaklúbbi Akureyrar.	